

## Fundur haldinn í Skólaráði 5. apríl 2018

Fundinn sátu Brynja Rut Sigurðardóttir, Arna Björk Þórðardóttir og Áslaug Eiríksdóttir fulltrúar foreldra, Magnea Einarsdóttir skólastjóri og Ulrike Schubert fulltrúi almennra starfsmanna, Katrín Dagmar og Margrét fulltrúar kennara.

Magnea skólastjóri sagði að skólinn færi í ytra mat menntamálastofnunnar í lok apríl. Ríki og sveitafélög eiga að sinna mati og eftirliti með grunnskólum og hafa gert það síðan 2012. Um 10 skólar fara í ytra mat á ári hverju og nú er komið að okkur.

Kallað er eftir skriflegum gögnum frá skólanum fyrir sjálfa heimsókn matsmanna, en þeir verða hjá okkur í 5 daga. Þeir munu eiga viðtöl við ýmsa rýnihópan eins og til dæmis kennara, fulltrúa í skólaráði, almenna starfsmenn, nemendur og foreldra. Þessa hópa velja matsmenn sjálfir. Eins fara þeir í kennslustundir hjá kennurum og eiga spjall við stjórnendur.

Matið á að vera leiðbeinandi, framfaramiðað og umbótamiðað.

Rætt var um skólalóðina og ráðgert að Friðrik Baldursson garðyrkjustjóra til að kynna nýja teikningu á skólalóðinni fyrir foreldrum.

Magnea kynnti niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins. Nú er búið að leggja hana fyrir meginþorra nemenda frá 6. – 10. bekk.

Nemendur eru flestir mjög ánægðir með skólann sinn og allan aðbúnað og erum við vel yfir landsmeðaltali í öllum þáttum sem spurt var um nema einum.

Nokkur umræða var um spjaltdölvurnar. Tilraun verður gerð á miðstigi með hleðsluskápa. Þá þurfa nemendur ekki lengur að fara heim með spjöldin sín til að hlaða þau, heldur geyma þau í skólanum. Spjaltdölvurnar þurfa því ekki að fara heim vegna verkefnavinnu.

Anna Mjöll Sigurðardóttir ritari